



FRÉTTABRÉF GRÓTTU

Áfram Gróttu

Í þessu blaði:

- Rekstur mannvirkja
- Vetrarstarfið komið á fullt
- Hvað er framundan?
- Myndir úr starfinu


Mánaðarlegt fréttabréf

Framvegis mun Íþróttafélagið Gróttu gefa út mánaðarlegt fréttabréf, í kringum mánaðarmót. Tilgangurinn er að auka upplýsingaflæði um starfsemi íþróttafélagsins og koma á framfæri þeim viðburðum sem framundan eru.

Það er von okkar að Gróttufólk og Seltirningar allir taki þessari nýjung frá félaginu vel.

Gróttu tekur við rekstri íþróttamannvirkja

Gróttu hefur frá og með 1. september fengið tækifæri til að annast rekstur íþróttamannvirkja sem Seltjarnarnesbær hefur rekið fram til þessa. Reglulega á undanförunum árum hefur Gróttu óskað eftir því við Seltjarnarnesbæ að annast rekstur íþróttamannvirkja bæjarins. Það er því gleðistund fyrir Gróttu að bæjaryfirvöld veiti félaginu tækilfæri til rekstrarins.



Það er í mörg horn að líta við tímamót sem þessi. Um leið og fráfarandi starfsmönnum eru þökkun góð störf í þágu Gróttu koma nýir starfsmenn til starfa. Vel gekk að ráða í þau störf sem losnuðu við umskiptin. Til starfa í íþróttahús Gróttu eru komin þau Elvar Grétarsson, Sólvieg Herbertsdóttir og Örylgur Ásgeirsson. Enn vantar inn fjórða starfsmanninn, konu sem smellpassar í þennan öfluga hóp. Einnig vantar öflugan starfskraft til að fylla skarð Bjarna Jakobs á gervigrasvellingum.

Það er von okkar sem stöndum í brúnni fyrir Gróttu að með þessu tækilfæri sé hægt að gera enn betur í að efla félagsauð Gróttu. Í fyrsta skipti eru íþróttamannvirki Gróttu hrein Gróttuhús. Vonandi munu allir þeir fjölmörgu sem koma að starfi félagsins dag frá degi verða ánægðir með það viðmót og þjónustu sem þau fá í húsunum okkar.

Eins og gefur að skilja við svo veigamiklar breytingar eins og að taka að sér rekstur lykilstofnana í þjónustu bæjarins þá geta orðið byrjunarörðugleikar. Það er von aðalstjórnar og starfsmanna félagsins að hægt verði að greiða úr þeim flækjum sem kunna að koma upp með skjótum og farsælum hætti. Félagsmenn eru beðnir um að beina ábendingum sem upp kunna að koma til undirritaðs.

Um leið og við fögnum þessum tímamótum er metnaður félagsins mikill að gera gott starf enn betra. Það verður einungis gert með sameiginlegu átaki allra sem koma að félaginu; iðkenda, foreldra, þjálfara, stjórnarmanna og íbúa Seltjarnarnesbæjar.

Kári Garðarsson,

Íþróttastjóri Gróttu





Vetrarstarfið komið á fullt

Nú er vetrarskipulag deilda félagsins komið á fullt. Æfingatöflur deilda félagsins eru nánast tilbúnar og starfið að taka á sig mynd. Æfingar elstu flokka handknattleiksdeildar hófust í byrjun ágúst en yngstu flokkarnir hófu æfingar samhliða skólabyrjun. Meistarahópar fimleikadeildar byrjuðu æfingar sínar í upphafi ágústmánaðar og í byrjun september hófu flestir hópar yngri fimleikabarna sínar æfingar. Knattspyrnudeildin er að klára sitt öflugla sumarstarf og hefur nú þegar „stillt“ á vetrartíma. Í byrjun október fara svo æfingar aftur í gang samkvæmt æfingatöflu vetrarins.



Foreldrar og forráðamenn eru beðnir um að ganga frá skráningum iðkenda strax í upphafi tímabils. Það er gert með því að fara inn á heimasíðuna grottu.felog.is. Ef þörf er á aðstoð við skráningu þá er fólki bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 561-1133.



Hvað er framundan?

- Fös 2. september — Gróttu-Stjarnan kl. 19.30 — Meistarakeppni HSÍ (kvenna)
- Lau 3. september — Gróttu-KF kl. 14.00 — 2. deild karla (Vivaldivöllur)
- Fim 8. september — Gróttu-Fram kl. 19.30 — Olís deild karla (Hertz höllin)
- Lau 10. september — ÍBV-Gróttu kl. 13.30 — Olís deild kvenna
- Sun 11. september — Njarðvík-Gróttu kl. 14.00 — 2. deild karla
- Fim 15. september — Akureyri-Gróttu kl. 19.30 — Olís deild karla
- Lau 17. september — Gróttu-Vestri kl. 14.00 — 2. deild karla (Vivaldivöllur)
- Lau 17. september — Gróttu-Selfoss kl. 16.00 — Olís deild kvenna (Hertz höllin)
- Mán 19. september — Gróttu-FH kl. 19.30 — Olís deild karla (Hertz höllin)
- Lau 24. september — Stjarnan-Gróttu kl. 14.00 — Olís deild kvenna
- Lau 24. september — Stjarnan-Gróttu kl. 16.00 — Olís deild karla
- Lau 24. september — Hörður-Gróttu kl. 14.00 — 2. deild karla (Vivaldivöllur)